



SKÓLAPÚLSINN VEKUR ATHYGLI Í BANDARÍKJUNUM

Skólapúlsinn er veflægt sjálfsmatskerfi sem mælir virkni, líðan og skóla- og bekkjaranda og hefur verið í notkun í skólum á Íslandi síðastliðin fjögur ár. Nýnæmi Skólapúlsins hefur nú vakið athygli erlendra aðila og var Skólapúlsinum nýverið boðið að taka þátt í sérfræðiráðstefnu um velferð barna sem haldin var í Harvard háskóla í Bandaríkjunum.

Ráðstefnan fór fram þann 29. febrúar 2012 og var haldin í tengslum við stofnun velferðarsjóðs sem Lady Gaga og móðir hennar Cynthia Germanotta stofnuðu. Velferðarsjóðurinn heitir „Born this way“ (<http://bornthiswayfoundation.org/>). Á ráðstefnunni voru margir helstu sérfræðingar heims í rannsóknum á þroska barna, þar á meðal Howard Gardner sem hefur verið áhrifamikill kenningasmiður fyrir skólastarf víða um heim. Brian Suda sótti ráðstefnuna fyrir hönd Skólapúlsins sem sérfræðingur í notkun veflægs hugbúnaðar við sjálfsmat skóla. Sérfræðingarnir ræddu um velferð barna og hvaða stefnu æskilegt væri að sjóðurinn tæki á fyrstu starfsárum sínum.

Öryggi, færni, tækifæri

Megináherslur sjóðsins hafa verið skammstafaðar SSO uppá ensku eða öryggi (safety), færni (skills) og tækifæri (opportunities).

Börn þurfa öruggt umhverfi þar sem þau mega vera þau sjálf, þau þurfa að hafa möguleika á því að öðlast þá færni sem nauðsynleg er í lífinu og þau þurfa að fá tækifæri til að láta ljós sitt skína.

Áherslur sjóðsins snúast um að hafa raunveruleg áhrif á vettvangi svo að öryggi, færni og hæfileikar fái að njóta sín í meira mæli meðal barna í Bandaríkjunum.

Margar málstofur voru um stefnu og framtíð sjóðsins. Framlag Brians var haldið í málstofu um rannsóknir og sjálfsmat skóla og var fólgið í kynningu á þeirri aðferðafræði sem um 90 grunnskólar á Íslandi nota við sjálfsmat með notkun Skólapúlsins. Sjóðurinn „Born This

Way“ mun síðar þróa sína eigin aðferð við að sannreyna árangurinn af sínum störfum.

Öruggt umhverfi barna

Meginmarkmið sjóðsins eru fólgin í að vinna að betri heimi. Ein leið að því markmiði er að stuðla að öruggu umhverfi barna þar sem þau geta komið á framfæri eigin hugsunum og hugmyndum án þess að eiga á hættu að verða fyrir einelti fyrir það eitt að vera þau sjálf.

Sem dæmi um viðburði á vegum sjóðsins má nefna að í næstu hljótleikaferð mun Lady Gaga vera með aukarútu á sínum vegum sem mun heita: „Born to be brave bus“. Rútan er hugsuð sem öruggur staður fyrir hvern þann sem vill vera hann sjálfur, óáreittur. Á hverjum hljótleikastað verður skipulagður viðburður tengdur þeirri rútu til að vekja athygli á málstaðnum.

Lady Gaga
á tónleikum

Mynd:
TJ Sengel



BORN
THIS WAY